

6 29. jan. nöfn húsa þeirra eða stræta, þar sem hlutaðeigandi á heima. Í Reykjavík er sleppt dálkinum fyrir jafnaðarsjóðsgjaldi.

Þetta er tjáð yður herra amtmaður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir sýslumönnum þeim, er undir yður eru skipaðir.

Fyrirmynd fyrir manntalsbók.

1879

N þingsókn í N sýslu.

Heimili gjald- anda.	Gjald- endur.	Jarðar- ábúð og af- not hndr.	Lausa- fje. hndr.	Skattur.				Tekju- skattur a. kr. a.	Húsa- skattur a. kr. a.	Búnað- arskól- agjald kr. a.	Jafn- aðar- sjóðs- gjald. kr. a.	Allt þing- gjaldið kr. a.
				á ábúð		á laus- afje.						
				ál.	ál.	ál.	kr.					

7 29. jan. — *Brief landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um styrk til að nema innanbæjarbúsýslu.* — Jafnframt því að senda mjer bönarbrjef yngisstúlku Sigurbjargar Friðriksdóttur um, að henni verði af upphæð þeirri, er norður- og austurumdæminu ber þetta ár af fje því, er getur um í 10. gr. C 5 fjárlaganna, veittur 4—500 kr. styrkur til að nema í Danmörku, mjólkurmedferð, smjörgjörð, ostagjörð og önnur innanbæjarstörf, svo að hún síðarmeir geti tekizt á hendur kennslu í þessum greinum, einkanlega í Skagafjarðarsýslu, hafið þjer, herra amtmaður, lagt yðar beztu meðmæli með beiðni þessari.

Fyrir því vil jeg þjónustusamlega tjá yður, að jeg samkvæmt ofanefndum til-
lögum yðar samþykki, að til þessa verða varið 400 kr. af upphæð þeirri, er norður- og austurumdæminu ber af fje því, er veitt er með áðurnefndri fjárlagagrein, þó vil jeg skjóta því til yðar, að að eins helmingurinn af styrk þessum verði útborgaður hlutaðeiganda, þá er hún fer hjeðan; en hinn helmingurinn, þegar hún færir sönnur á að hafa um hæf-
legan tíma stundað áminnt nám, og tekið góðum framförum í því. Sjeuð þjer, herra amtmaður, mjer samdóma um þetta, mun á yfirstandandi fjárhagsári að eins verða ávís-
að 200 kr. til þessa fyrirtækis; en eptirstöðvunum mun verða ávísað samkvæmt síð-
ari tillögum amtsins, og bið jeg mjer tjáða þóknanlega skýrslu um, hvað afráðið verður í þessu tilliti.

EMBÆTTASKIPUN.

Hinn 11. dag janúarmánaðar skipaði landshöfðingi aðstoðarprest sira Jens Pálsson á Arnarbæli til þess að vera prest þingvalla kirkjusóknar, í Árnesprófastsdæmi.

29. s. m. var kandidat Þorsteinn Benidiktsson skipaður prestur Lunda og Fitja safnaða í Borgarfjarðar prófastsdæmi.

Landshagsskýrslur.

Mannfjöldi á Íslandi árin 1873—1877.

A. Fæðingar, mannalát, hjónabönd og fermingar í hverju prestakalli og prófastsdæmi.